

Að deila markmiðinu mínu

Markmið:

Að deila þekkingu minni og annarra. Ritæfing. Að nemendur skilji að heimsmarkmiðin varða okkur öll.

Aðferð:

Nemendur skrifa frásagnir út frá eigin reynslu sem tengjast einhverju markmiðanna 17.

Tímanotkun:

60 + 60 mínútur



Lýsing:

Kynnið Heimsmarkmiðin með því að sýna skiltin (þau eru á [netinu](#), [hér er hægt er að sækja þau sem pdf-skrár til að prenta](#). Gott er að sýna kvikmyndina [We the people for the global goals](#), eða [Hvad er dit mål?](#)

Biðjið svo nemendur um að segja frá atburði sem þau hafa sjálf upplifað og sem tengist einhverju heimsmarkmiðanna 17. Veitið eftirfarandi leiðbeiningar:

1. Veldu atburð sem tengist einhverju markmiðanna 17.
2. Byrjaðu á að velja fyrisögn og færa rök fyrir henni.

3. Skrifðu 400 orð (hámark), það er ein bls. skrifuð á tölvu eða tvær handskrifaðar. Segðu frá atburðinum sem þú hefur upplifað. Markmiðið sem þú valdir á að vera rauður þráður í frásögninni.
4. Þú átt að skapa spennu í frásögninni, lýstu vandamáli sem tengist einmitt þínu markmiði og reyndu að finna lausn. Ljúktu frásögninni á hvatningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
5. Deilið sögunum með því að lesa þær saman í hópum.